

Nr. 18-191 S 132 Hannes Andrésson SH 737***Skipverji slasast við fall í stiga***

Skipaskr.nr.: 1371
Smíðaður: Seyðisfirði 1974, stál
tgerð: FISK-Seafood ehf
Stærð: 77.9 brl. 75.0 bt.
Mesta lengd: 24.68 m Skráð lengd: 23.14 m
Breidd: 5.2 m Dýpt: 2.1 m
Vél: Scania, kW 359, 1996
Fjöldi skipverja: 5



Hannes Andrésson©Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 22. október 2018 var Hannes Andrésson SH 737 að veiðum með hörpudiskplóg í Hvammsfirði. Veður: Hægviðri og sléttur sjór.

Skipverji var að fara niður í lest um vatnspétta lúgu með 600 mm lúgukarmi þegar hann rann til í stiganum og niður í fiskilest með þeim afleiðingum að hann fór úr axlarlið og upphandleggur brotnaði við öxl. Siglt var með slasaða til Stykkishólms og þaðan var hann fluttur með þyrlu til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að stiginn niður í lestina hafði þrjú þrep sem soðin voru á þilið fyrir neðan lúguna (sjá mynd 2);
- að þegar skipverjinn steig í efsta þrepið rann fóturinn til í þrepinu en við það missti hann jafnvægið og féll niður um niðurganginn;
- að fallhæðin niður á lestargólfið var um 1,8 m;
- að engin handrið voru við lúguna til að halda sér í þegar farið var niður í lest;
- að skipverjinn var í nýjum stígvélum;



Mynd 1 Mannopið niður í fiskilestina

- að búið var að fjarlægja eina hlið á lúgukarminum til að auðvelda uppgöngu úr lestinni sem hafði verið gert mörgum árum áður;
- að innan við lúgukarminn var geymd járnplata til að renna í opið ef þurfa þætti. Athugasemdir höfðu verið gerðar við breytingar á lúgunni við skoðun skoðunarstofu á skipinu þann 31.08.2018. Var sjósókn óheimil en við endurskoðun 21.09.2018 var skipið skoðað og þetta fyrirkomulag þá án athugasemda;
- að skip sem smíðuð voru fyrir árið 2004 falla ekki undir reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa heldur eldri ákvæða, svokallaðra járnsníðareglna, frá 1953;
- að samkvæmt skoðunarhandbók Samgöngustofu fyrir eftirlitsaðila er ekki tilgreint eftirlit með stigabúnaði. en að mati skoðunaraðila taldi hann rétt væri að hafa þetta í henni. Athygli vakti að upplifun eftirlitsaðila væri sú að uppfærslur á skoðunarhandbók virtust vera erfiðar og seinar í framkvæmd hjá ábyrgðaraðila hennar.



Mynd 2 Stiginn niður í fiskilestina

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að lúga og stigi niður í fiskilestina var ófullnægjandi og ekki samkvæmt reglum.

Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við að skipið hafi fengið haffæri í þessu ástandi.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin telur nauðsynlegt að sett séu inn eftirlitsákvæði um stigabúnað í skoðunarhandbók Samgöngustofu fyrir eftirlitsaðila skipa.